

Fjarskiptastofa og fjarskiptasjóður svara hér spurningum 10 – 28 eftir því sem við á.

Hér kemur seinni hluti spurninga og svara varðandi áformakönnun FST. Sumar spurningarnar varða fjarskiptasjóð og fyrirhugaða aðkomu hans að uppbyggingarverkefnum á þeim svæðum þar sem ekki eru áform um uppbyggingu á markaðsforsendum. FST óskaði því eftir að sjóðurinn svaraði slíkum spurningum og er tilgreint hér að neðan hvort svar stafar frá FST eða fjarskiptasjóði.

Spurning 10:

Í styrktarsamningum fjarskiptasjóðs við sveitarfélög vegna Ísland ljóstengt árin 2017-2021 var gerð eftirfarandi krafa.

„Komi til þess að sveitarfélag selji ljósleiðarakerfið innan 10 ára frá styrkveitingu fyrir jafnháa eða hærra upphæð en sem nemur bókfærðum byggingarkostnaði, framreiknuðum til söludags samkvæmt byggingarvísitölu, þá skal það endurgreiða fjarskiptasjóði veittan styrk. Ef söluverð er lægra en nemur sama byggingarkostnaði þá skal á sama máta endurgreiða fjárhæð sem jafngildir hlutfalli styrks fjarskiptasjóðs í byggingarkostnaðinum. Gildir þetta óháð því hvort sveitarfélagið á kerfið að hluta eða öllu leiti beint eða óbeint í gegnum félag sem það á eitt eða með öðrum og selji hluti sinn í ljósleiðarakerfinu eða selji hlut sinn í félagi sem á ljósleiðarakerfið.“

Er fjarskiptasjóður mögulega til viðræðna um að breyta eða falla frá þessari kröfu í ljós þess að umtalsverð uppbygging ljósleiðarakerfa utan markaðssvæða í þéttbýli er víða framundan sem kallar líklega á fjárhagslega aðkomu sveitarfélaga eigi sú uppbygging örugglega að raungerast?

Svar fjarskiptasjóðs

Já. Fjarskiptasjóður hyggst falla frá þessari kröfu í styrktarsamningum sem gerðir voru við sveitarfélög árin 2017-2021 vegna Ísland ljóstengt að því tilskyldu að viðkomandi sveitarfélög nýti söluandvirðið a.m.k. að hluta til að fjármagna þátt sveitarfélagsins og/eða eigenda bygginga í lagningu á ljósleiðara-aðgangsneti í sínu sveitarfélagi, hvort heldur dreifbýli eða þéttbýli utan markaðssvæða. Sömu skilyrði munu gilda um ráðstöfun á þeim fjármunum sem sveitarfélag hefði annars þurft að endurgreiða sjóðnum í tengslum við sölu á styrktum ljósleiðaranetum í dreifbýli og öðrum fjármunum frá sjóðnum til uppbyggingar á styrktu ljósleiðara-aðgangsneta í þéttbýli. Yfirlit yfir samninga sem um ræðir: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/fjarskipti/fjarskiptasjodur/styrkir-fra-2012-til-annarra-en-farice-ehf/>

Spurning 11:

Verður gerð sambærileg krafa um endurgreiðslu á veittum styrk frá sjóðnum í tengslum við uppbyggingu í þéttbýli sem er framundan?

Svar fjarskiptasjóðs

Ef sjóðurinn styrkir eingöngu jarðvinnu þá eru minni forsendur fyrir því að setja slíkt skilyrði. Ef nálgun sjóðsins verður eins eða svipuð og í Ísland ljóstengt þá verður líkast til gerð sambærileg krafa enda gerir regluverk um ríkisstyrki ráð fyrir því að ráðstöfun á opinberum fjármunum til slíkra verkefna sé haldið í lágmarki.

Spurning 12:

Ólíklegt er að ljósleiðaravæðingu allra þéttbýlisstaða og byggðakjarna ljúki fyrir árslok 2026. Hver er ástæða þess að fjarskiptasjóður kallar ekki eftir því að Fjarskiptastofa kanni með áform fjarskiptafyrirtækja og opinberra aðila lengra fram í tímann?

Svar fjarskiptasjóðs:

Samkvæmt leiðbeiningum um ríkisstyrki til uppbyggingar á háhraðanetum sem tóku gildi þann 8. febrúar 2023 er stjórnvöldum heimilt ef þau svo kjósa að styrkja uppbyggingu ljósleiðara-aðgangsneta þar sem ekki liggja fyrir áreiðanleg markaðsáform næstu þrjú ár. Tilkynnt áform fyrir yfirstandandi ár og næstu tvö ár þar á eftir verða skuldbindandi en tilkynnt áform til lengri tíma verða það ekki. Að stjórnvöld kalli formlega eftir og birti opinberlega niðurstöðu áformakönnunnar, sem er óskuldbindandi gagnvart þeim sem tilkynna, þjónar því takmörkuðum eða engum tilgangi. Nærtækara væri fyrir fjarskiptasjóð að óska eftir því að Fjarskiptastofa endurtaki sambærilega áformakönnun að ári eða eftir tvö ár. Þá ætti fjarskiptafyrirtækjum og opinberum aðilum að hafa gefist góður tími til að aðlaga áform sín, ef einhver eru, með tilliti til m.a. þeirrar uppbyggingar sem verður í kjölfar þessarar áformakönnunar og þeirra kvaða og skilyrða sem munu fylgja stuðningi frá sjóðnum. Niðurstaða áformakönnunar í ársbyrjun 2025 myndi þannig ná til 2027 o.s.frv.

Spurning 13:

Mun fjarskiptasjóður úthluta fjármunum í verkefnið í ár og þá hve miklum?

Svar fjarskiptasjóðs:

Já, en það liggur ekki fyrir hve miklum fjármunum verður varið í verkefnið í ár.

Spurning 14:

Mun fjarskiptasjóður úthluta styrkjum árlega næstu árin?

Svar fjarskiptasjóðs:

Það liggur ekki fyrir. Hvort úthlutun verður aftur að ári eða síðar ræðst ekki síst af niðurstöðu þessarar áformakönnunar FST, þeirri aðferð sem sjóðurinn mun beita við styrkveitingar í ár, eftirspurn eftir styrkjum og fjárhagsstöðu sjóðsins á hverjum tíma.

Spurning 15:

Mun fjarskiptasjóður fara sambærilega leið og í Ísland ljóstengt og framkvæma fyrst A-hluta umsóknarferli sem er n.k. forval og síðan B-hluta umsóknarferli sem var hin eiginlega styrkumsókn?

Svar fjarskiptasjóðs:

Það er ekki útilokað en aðrar einfaldari leiðir eru jafnframt í skoðun.

Spurning 16:

Mun fjarskiptasjóður eingöngu styrkja sveitarfélög líkt og í Ísland ljóstengt en ekki fjarskiptafyrirtæki beint eða eigendur staðfanga/bygginga?

Svar fjarskiptasjóðs:

Já, sjóðurinn mun eingöngu styrkja sveitarfélög og hvorki fjarskiptafyrirtæki né eigendur styrkhæfra staðfanga beint. Ekki er um lögbundna uppbyggingu að ræða og hvorki ríkið né sveitarfélög eru skuldbundin til að byggja upp ljósleiðara-aðgangsnét. Þátttaka sveitarfélaga verður því valkvæm líkt og í Ísland ljóstengt.

Spurning 17:

Er stefnt að því að ljósleiðaravæða 100% styrkhæfra staðfanga á öllum þéttbýlisstöðum og byggðakjörnum?

Svar fjarskiptasjóðs

Markmið um 100% aðgengi í fjarskiptum er almennt óraunhæft sama hvaða fjarskiptainnviði og -þjónustu um er að ræða. Það er því óraunhæft að gera ráð fyrir að hvert einast heimili og vinnustaður óski eftir netsambandi um ljósleiðara, greiði uppsett stofngjald ef um slíkt er að ræða og greiði mánaðarlegt afnotagjald um ókomna tíð. Opinbert markmið stjórnvalda er að a.m.k. 80% lögheimila og vinnustaða eigi kost á netsambandi um ljósleiðara fyrir árslok 2028 á öllum þéttbýlisstöðum og byggðakjörnum landsins. Reynslan af Ísland ljóstengt var m.a. sú að flest sveitarfélög horfðu til þess að tengja öll styrkhæf heimili og fyrirtæki í sínu dreifbýli og skilja ekki útundan þau staðföng sem erfiðast/dýrast var að tengja. Hvort sveitarfélög munu horfa til síns þéttbýlis með sama hætti verður að koma í ljós. Ef svo er þá getur vel farið svo að nokkuð margir þéttbýlisstaðir og byggðakjarnar munu ná svo gott sem 100% aðgengi lögheimila og vinnustaða að ljósleiðara.

Spurning 18:

Hvaða staðföng verða skilgreind sem styrkhæf af sjóðnum?

Svar fjarskiptasjóðs

Sett verða sambærilegir skilmálar/viðmið og í Ísland ljóstengt varðandi styrkhæfi. Aðallega verður horft til lögheimila/atvinnuhúsnæðis þar sem búseta/starfsemi er allt árið eða a.m.k. megnið af árinu.

Spurning 19:

Verður gerð krafa um mótframlag sveitarfélags og þá hve mikið?

Svar fjarskiptasjóðs

Já, það verður gerð krafa um visst lágmarks fjárframlag frá sveitarfélagi. Upphæðin liggur ekki fyrir í augnablikinu. Sveitarfélög munu ráða því sjálf hvort þau velta öllu, hluta eða engu af eigin fjárframlagi á eigendur staðfanga sem til stendur að tengja.

Spurning 20:

Verður gerð krafa um opinn aðgang að fjarskiptatengingum (e. Open Access)?

Svar fjarskiptasjóðs

Ef fjarskiptasjóður styrkir hönnun kerfis, strengi/rör, lagningu strengja/röra, tengingu strengja/röra o.s.frv. þá verður líklegast gerð krafa um opinn aðgang að styrktu kerfi. Ef fjarskiptasjóður styrkir eingöngu jarðvinnuþáttinn þá er síður forsenda fyrir sjóðinn að gera slíka kröfu.

Hafa þarf í huga að skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 125/2019 um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraðafjarskiptaneta, er almennt skylt að heimila samnýtingu jarðvegsframkvæmda sem fjármagnaðar eru úr opinberum sjóðum.

Spurning 21:

Verður gerð krafa um P2P (point-to-point) hönnun?

Svar fjarskiptasjóðs

Ef fjarskiptasjóður styrkir hönnun kerfis, strengi/rör, lagningu strengja/röra, tengingu strengja/röra o.s.frv. þá verður líklegast gerð krafa um P2P hönnun. Ef fjarskiptasjóður styrkir eingöngu jarðvinnubáttinn þá skal öllum fjarskiptafyrirtækjum standa til boða að leggja þar eigið ljósleiðara-aðgangsnét óháð hönnunaraðferð.

Spurning 22:

Í staðfangaskrá er að finna fjölda staðfanga á höfuðborgarsvæðinu og nágrannasveitarfélögum, þar sem virk samkeppni er í lagningu ljósleiðara og hefur gert um langt árabil. Hvaða þýðingu hefur að skila inn áformum inn á þessu svæði?

Svar Fjarskiptastofu

Áformakönnun FST er ætlað að leiða í ljós heildstæða mynd af áformaðri uppbyggingu ljósleiðara-aðgangsneta á landsvísu. Þess vegna eru öll ótengd staðföng með í skránni. Farið er fram á að aðilar skili inn upplýsingum um sín áform án tillits til þess hversu vænleg samkeppnissvæði er um að ræða. FST telur líklegt að aðilar á fjarskiptamarkaði hafi áform um að leggja ljósleiðara-aðgangsnét til þeirra lóða á höfuðborgarsvæðinu sem verða byggingarhæfar á næstu þremur árum.

Það hvort líklegt sé að styrkir fáið til lagningar ljósleiðara-aðgangsneta á höfuðborgarsvæðinu, er ekki FST að svara, en ætla má að litið verði til aðstæðna og fyrri reynslu af uppbyggingu á markaðsforsendum á viðkomandi svæði við forgangsroðun verkefna.

Spurning 23:

Er ráðgert að staðföng sem enginn aðili lýsir yfir áformum gagnvart, að eigendur þeirra staðfanga, geti fengið einhverskonar ríkisstyrk fyrir lagningu ljósleiðara?

Svar fjarskiptasjóðs:

Aðkoma ríkis eða sveitarfélaga að uppbyggingu ljósleiðara-aðgangsneta er valkvæm. Fjarskiptasjóður hyggst eingöngu styrkja sveitarfélög beint en hvorki fjarskiptafyrirtæki né eigendur staðfanga. Hvaða sveitarfélög munu eiga kost á styrk frá sjóðnum og til hve margra styrkhæfra staðfanga sá styrkur mun ná á eftir að koma í ljós. Styrkur frá fjarskiptasjóði til sveitarfélags verður ekki eyrnamerkur skilgreindum staðföngum eða eigendum þeirra heldur munu sveitarfélög alfarið ráða því hvaða styrkhæfu staðföng verða undir í þeirra framkvæmd og hver ekki. Ekki öll staðföng sem áform fjarskiptafyrirtækja og opinberra aðila ná ekki til verða talin styrkhæf af fjarskiptasjóði. Sveitarfélag getur engu að síður ákveðið að styrkja tengingu á tilteknu staðfangi þó að það staðfang uppfylli ekki skilyrði fjarskiptasjóðs um styrkhæfi og hljóti því ekki styrk frá sjóðnum. Rétt er að taka fram að hugtakið ríkisstyrkur nær yfir hvers konar stuðning opinberra aðila og einskorðast því ekki við beinan fjárstuðning frá ríkinu/fjarskiptasjóði.

Spurning 24:

Hefur það einhverja þýðingu ef engin áform eru tilkynnt eða tímasett (t.d. vegna ófullkominna upplýsinga um hvenær lóðir verða tilbúnar til lagningu) og svo síðar verður lagður ljósleiðari í viðkomandi staðfang?

Svar Fjarskiptastofu

FST fer fram á að tilkynnt verði um þau áform sem eru til staðar í dag. Þess er krafist að réttar upplýsingar séu veittar. Ef engin áform liggja fyrir vegna óvissu, t.d. um byggingarhæfi lóða, þá á það að endurspeglast í svörum aðila. Það hefur engin sérstök áhrif þó að síðar komi fram áform um

uppbyggingu, fyrir árslok 2026, t.d. þegar ofangreindri óvissu hefur verið eytt, ef þau áform eru sannarlega ekki til staðar í dag.

Spurning 25:

Í staðfangaskrá eru staðföng af ýmsum toga, m.a. óbyggðar lóðir, hesthús, iðnaðarsvæði, opið svæði, spennistöð, flugskýli, geymslur og bílastæði svo eitthvað sé nefnt. Hver er hugmynd Fjarskiptastofu með að tilgreina öll staðföng?

Svar FST:

Eins og áður segir er tilgangur með áformakönnun að fá heildstæða mynd af uppbyggingaráformum 2024-2026. Því var ákveðið að kanna tengingar til allra staðfanga, enda er ekki útilokað að staðföng verði tengd á markaðsforsendum þó að þar sé ekki viðvarandi búseta eða atvinnustarfsemi. Ýmislegt gagn getur verið af slíkri kortlagningu. Ef staðfang sem engin rökrétt ástæða væri til að tengja með ljósleiðara slæðist með í svörum aðila vegna sannarlegra mistaka mun FST taka mið af því af því við endanlega úrvinnslu svara.

Spurning 26: (framhald af spurningu 25)

Er ætlun Fjarskiptastofu að eigendur þessara staðfanga, geti fengið ríkisstyrk til lagningar á ljósleiðara, ef enginn lýsir áformum?

Svar FST:

Ein af forsendum þess að hægt sé að styrkja tengingu staðfangs með ljósleiðara er að fyrir liggi að enginn aðili hyggist tengja staðfangið á markaðsforsendum. Fjarskiptastofa skilgreinir þó ekki hvaða staðföng verða metin styrkhæf og hvaða styrkhæfu staðföng verða styrkt af fjarskiptasjóði og/eða sveitarfélögum.

Svar fjarskiptasjóðs:

Vísað er til svara við spurningum 18 og 23 hér að framan.

Spurning 27:

Ef lýst er áformum á t.d. heilu bæjarfélagi sem inniheldur staðföng sem hvorki eru fyrirtæki eða heimili, hvaða skuldbindingar myndast á þau staðföng?

Svar FST:

Aðilum ber almennt að tilkynna um áform gagnvart stökum staðföngum og verða þau áform skuldbindandi óháð því hvers eðlis þau staðföng eru. Yfirlýsing um áform gagnvart heilu bæjarfélagi, án frekari skýringa eða afmörkunar, verður því túlkuð þannig að áformin nái til allra staðfanga í viðkomandi bæjarfélagi sem Fjarskiptastofa tilgreinir í sínum lista. Slík ónákvæm yfirlýsing væri síður til þess fallin að draga fram skýra mynd um uppbyggingaráform gagnvart íbúum og stjórnvöldum. Ef fjarskiptafyrirtæki eða opinber aðili lýsir engu að síður yfir áformum um að tengja öll staðföng í tilteknu bæjarfélagi sem uppfylla að öðru leyti skilyrði fjarskiptasjóðs um styrkhæfi án þess þó að tilgreina nákvæmlega þau staðföng, þá þjónar það grundvallar tilgangi þessarar áformakönnunar og telst ásættanleg og skuldbindandi tilkynning. Varðandi mistök í aðgreiningu staðfanga þá vísast til svars við spurningu 25.

Spurning 28:

Með ofangreint í huga, þá telur (ónefnt fjarskiptafyrirtæki) æskilegt að gögn þau sem hefur verið deilt út verði endurskoðuð af Fjarskiptastofu þannig að þau innihaldi eingöngu staðföng sem ætlun er að áform nái til og/eða geti hlotið ríkisstyrk.

Svar FST:

Gögnin verða ekki endurskoðuð. Það er þeirra sem hyggjast leggja ljósleiðara-aðgangsnét fyrir árslok 2026 að upplýsa Fjarskiptastofu um slík áform burtséð frá því hvers eðlis staðfangið er sem til stendur að tengja.

Svar fjarskiptasjóðs:

Það að staðföng sem uppfylla skilyrði fjarskiptasjóðs um styrkhæfi og áformakönnun Fjarskiptastofu staðfestir að engin markaðsáform nái til fyrir árslok 2026, jafngildir ekki því að sveitarfélag geti gengið að styrk frá fjarskiptasjóði til að tengja það staðfang með ljósleiðara. Ekkert útilokar heldur að sveitarfélag styrki lagningu ljósleiðara í sínu þéttbýli án aðkomu fjarskiptasjóðs. Fjarskiptasjóður hefur því ekki forsendur að svo stöddu til að lista nákvæmlega upp hvaða staðföng verða undir í verkefnum sveitarfélaga sem sjóðurinn mun styrkja.